

Tónleikar

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna í Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 23. mars 2014, kl. 17:00

Nýr píanókonsert



Einleikari:
Tinna Þorsteinsdóttir

Stjórnandi:
Oliver Kentish




Armas Järnefelt



Alan Hovhaness



Eiríkur Árni
Sigtryggsson



Oliver Kentish

Efnisskrá:

Armas Järnefelt: Praeludium og Berceuse

Eiríkur Árni Sigtryggsson: „Grúi“, píanókonsert (frumflutningur)

HLE

Alan Hovhaness: Sinfónía nr. 6, “Celestial Gate”.

(Flutt í minningu Martins Berkofskys)

UM EFNISSKRÁNA



Armas Järnefelt (1869-1958) fæddist í Vyborg í Finnlandi og starfaði þar og í Svíþjóð mestan sinn feril sem tónlistarmaður. Hann lærði hjá Busoni í Helsinki og Massenet í París. Þekktastur var hann á sinni tíð sem óperustjórnandi, kynnti meðal annars óperur Wagners fyrir Finnum. Hann var náinn vinur Sibeliusar, raunar mágur hans líka, því systir hans var gift Sibeliusi. Hann samdi sönglög, píanótónlist, kór- og hljómsveitarverk. Langþekktustu tónverk hans eru þó löginn tvö sem hér verða flutt, Praeludium og Berceuse.



Eiríkur Árni Sigtryggsson er fæddur og uppalinn í Keflavík og þar hóf hann tónlistarnám 14 ára gamall við Tónlistarskólann í Keflavík hjá Ragnari Björnssyni. Hann hélt áfram námi við Tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík og tók tónmenntakennarapróf 1963. Sama ár fékk hann einnig myndlistarkennararéttindi frá Handíða- og myndlistaskólanum. Eftir það stundaði hann tónlistar- og myndlistarkennslu á ýmsum stöðum, meðal annars í Svíþjóð í 8 ár. Auk þess var hann organisti og stjórnadi kórum, þar á meðal voru Karlakór Keflavíkur og Karlakórinn Prestir. Upp úr fertugu vaknaði löngun til frekara náms og fór hann í því skyni til Bandaríkjanna og síðan Kanada. Námsferillinn endaði með útskrift úr Tónfræðideild Tónlistarskólans í Reykjavík. Síðan hefur Eiríkur Árni starfað sem tónskáld, kennari og myndlistarmaður.

Um verk sitt skrifar tónskáldið: „Kunningi minn kom í heimsókn til mín og sá hjá mér hluta af píanókonsert sem ég var að semja. Horfði lengi á partitúrinn og sagði svo eitthvað um að þetta væri nú meiri nótnagruinn. Þar með var komið nafnið á konsertinn: „Grúi“. Konsertinn var skrifaður fyrir litla símfóníuhljómsveit, þ.e. svolítið stærri hljómsveit en Mozart notaði. Verkið er leikið óslitið frá byrjun en samanstendur af nokkrum þáttum, sem eru mjög ólíkir hver öðrum. Það myndast ný stemmning og ný hugmynd, hún er leikin til enda, og svo myndast önnur stemmning og önnur hugmynd og svo framvegis. Ég hef stundum verið skammaður fyrir að vinna svona, en svo eru aðrir sem hrósa þessum vinnubrögðum, og nú er ykkar að upplifa og njóta.“



Alan Hovhaness (1911-2000) fæddist í Somerville í Massachusetts í Bandaríkjunum en var af armensku bergi brotinn. Hann þykir með merkustu tónskáldum síðustu aldar og örugglega eitt hið afkastamesta. Eftir hann liggja meira en 500 tölusett tónverk, þar af 67 símfóníur. Tónverk hans eru samin fyrir margskonar hljóðfærahópa, stóra og smáa. Tónlistin er líka fjölbreytileg þótt höfundareinkennin þyki sterk. Sjálfur skipaði Hovhaness sér nokkuð utan garðs í tónlistarheiminum. Hann fór sínar eigin leiðir í tónsköpuninni, leiddi hjá sér tískastrauma raðtónlistar



Alan Hovhaness með konu sinni, Nari

byrjaði snemma að semja og hélt starfsþreki fram á gamals aldur. Sagt er að hann hafi byrjað að skrifa nótur fjögurra ára, svo mikið hafi honum legið á að festa hugmyndir sínar á blað. Þó sífóniurnar hafi orðið margar byrjaði hann ekki á þeim fyrir alvöru fyrr en á miðjum aldri. Fyrsta sífónían varð til árið 1936, sú númer tvö 19 árum seinna. Eftir það komu þær hver á fætur annarri. Sjötta sífónían, sem hér er flutt, var samin og frumflutt 1959. Vegur tónskáldsins stóð þá með nokkrum blóma en uppúr því tók hann að dala. Á síðustu árum hefur orðið talsverð endurvakning á verkum hans. Forystu í því starfi hefur haft píanóleikarinn Martin Berkofsky en hann er Íslendingum vel kunnur frá því að hann bjó hér á landi um skeið. Berkofsky lést fyrir fáum vikum og er flutningur Sífóníu númer 6 tileinkaður minningu hans.

EINLEIKARINN



Tinna Þorsteinsdóttir stundaði nám í píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Guðríði St. Sigurðardóttur til fjölda ára. Hún hélt síðan til Hannover í Þýskalandi þar sem hún tók einkatíma hjá Einari Steen-Nökleberg og árið 2000 lauk hún prófi frá tónlistarháskólanum í Detmold-Münster í Þýskalandi, þar sem kennari hennar var Gregor Weichert.

Tinna fékk þá Fulbright styrk og námsstyrk frá The American-Scandinavian Foundation árið 2001 og

hóf nám við New England Conservatory of Music í Boston hjá Stephen Drury. Hún lauk þaðan Graduate Diploma 2003. Tinna hefur tekið þátt í fjölda námskeiða, m.a. í túlkun 20. aldar tónlistar og barokktónlistar og numið hjá píanóleikurum eins og Yvonne Loriod-Messiaen, Pierre Réach, Marc Ponthus o.fl. Hún hefur einnig starfað með fjölmörgum íslenskum tónskáldum sem og þeim Helmut Lachenmann, Christian Wolff, Evan Ziporyn og Clarence Barlow. Tinna hefur leikið á tónleikum víða um heim, m.a. lék hún einleik á Bach hátíðinni í Rheine í Þýskalandi, í Portúgal, Austurríki og Boston. Hún hélt debut tónleika sína á Íslandi árið 2004 og einleikstónleika á Myrkum Músikdögum 2005, þar sem hún frumflutti fimm íslensk píanóverk sem voru sérstaklega samin fyrir hana. Í kjölfarið flutti hún sömu efnisskrá á opnunartónleikum listahátíðarinnar Nordischer Klang í Greifswald í Þýskalandi, í Berlín, Peking, á Listahátíðinni í Bergen í safni Edvards Griegs á Troidhaugen 2006 og í Kaupmannahöfn 2007. Vorið 2007 endurtók hún leikinn og frumflutti þá fimm ný íslensk píanóverk á Listahátíð í Reykjavík. Tinna er píanóleikari salon-hljómsveitarinnar L'amour fou og tónlistarhópsins Njúton og er listrænn stjórnandi tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið. Fyrsti geisladiskurinn með leik Tinnu kom út 2007 hjá Smekkleysu og ber nafnið Granit Games. Tinna hlaut menningarverðlaun DV 2014 og óskum við henni til hamingju með þau.

Að þessu sinni er **Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** þannig skipuð:

Konsertmeistari: Júlía Traustadóttir

1. fiðla

Júlía Traustadóttir
Jónína Þ. Thorarensen
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Jelena Kuzminova
Rós Pétursdóttir
Sandra Jónsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Ágústa María Jónsdóttir

2. fiðla

Hekla Arnardóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Brynhildur Höskuldsdóttir
Una Sólveig Jóakimsdóttir
Alasdair Barbour

Víóla

Páll E. Ingvarsson
Sólvi Karlsson
Hanna Kaasalainen

Selló

Páll Einarsson
Anna Jörunn Stefánsdóttir
Brynja Cortes Andrésdóttir
Sverrir Teitsson
Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir
Matylda Hermanska

Kontrabassi

Roine Hultgren
Kjartan Guðnason
Jón Hörður Jónsson

Flauta

Krísturín Helga Björnsdóttir
Karen Erla Karólínudóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir
Sverrir Guðmundsson

Klarinett

Barclay Anderson
Tabea Edelmann

Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir
Alexander Reid

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Brynjar Björnsson

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Vilhjálmur Ingi Sigurðsson

Básúna

Finnbogi Óskarsson
Valgeir Geirsson

Túba

Egill Posocco

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Kjartan Guðnason
Sólrún Mjöll Kjartansdóttir

Harpa

Monika Abendroth

Upplýsingar um starf Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna má finna á vefsíðu hennar:
www.ahugasinfonia.is

Næstu tónleikar hljómsveitarinnar verða haldnir í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 25. maí klukkan 17. Þá verður frumflutt ný hljómsveitargerð af Útsæ, sönglögum eftir Atla Heimi Sveinsson. Sólrún Bragadóttir syngur einsöng. Hún flytur einnig Chanson de l'amour est de la mer eftir Chausson. Þá verður flutt fimmta sínfónía Schuberts. Stjórnandi verður Oliver Kentish.

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning. Hljómsveitin nýtur stuðnings Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar 2014.



Reykjavíkurborg

 **Guðjón Ó**
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN
www.gudjono.is · Sími 511 1234